

# Fundargerð

*Mánudaginn 8. október 2007 kom hafnarnefnd Langanesbyggðar saman til fundar að Fjarðarvegi 3 á Þórshöfn.*

Fundur hófst kl. 17:00.

Mættir voru: Jónas Jóhannsson, formaður, Aðalbjörn Arnarsson og Áka Guðmundsson (í síma). Einnig sat fundinn Björn Ingimarsson, sveitarstjóri.

## Dagskrá.

### 1. Mál. Staða framkvæmda.

Framkvæmdir við lengingu Norðurgarðs er á áætlun og verður næsti verkfundur haldinn þriðjudaginn 9. okt. n.k. og von er á verktaka til Bakkafjarðar í vikunni til að skoða aðstæður v/ framkvæmda við upptökubraut.

### 2. Mál. Endurbygging hafskipabryggju.

Sveitarstjóri gerði grein fyrir fundum með Siglingastofnun og fjárlaganefnd vegna málsins. Einnig lagði sveitarstjóri fram drög að hönnun frá Siglingastofnun merkt “Hafskipabryggja – Endurbygging, tillaga 2 100 m”. Auk grófrar kostnaðaráætlunar. Samkvæmt fyrirbyggjandi kostnaðaráætlun mun kostnaður við framkvæmdina nema um 162 milljónir kr eða um 40. milljónir kr. umfram það sem Siglingastofnun hefur gert tillög um vegna verksins í samgönguáætlun. Til að útboð tefjist ekki samþykkir hafnarnefnd Langanesbyggðar að verkið verði boðið út þrátt fyrir að aukinn kostnaður hafi ekki hlotið samþykki Alþingis Langaneshafnir munu fjármagna að fullu þann umframkostnað sem af breytingunni h... þess er þó vænst að Alþingi muni samþykkja aukinn kostnað vegna breytinganna enda styður Siglingastofnun þá útfærslu sem farið verður í .

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 17:15.

Björn Ingimarsson, ritari.